

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 20. desember 1985****sem breytir tilskipun 85/210/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um blýmagn í bensíni, vegna laga um aðild Spánar og Portúgals****(85/581/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af lögum um aðild Spánar og Portúgals, einkum 27. og 396. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Breyta ber tilskipun 85/210/EBE ⁽¹⁾ til að taka aðild Spánar og Portúgals til greina.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr í aðildarsamningnum er stofnunum bandalaganna heimilt, fyrir inngönguna, að samþykkja ráðstafanir þær sem getið er um í 396. gr. í aðildarlögunum og skulu ráðstafanir þessar ganga í gildi með fyrirvara um og á sama degi og umræddur samningur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 85/210/EBE komi „fimmtú og fjögurra atkvæða“ í stað „fjörutú og fimm atkvæða“.

2. gr.

Tilskipun þessi gengur í gildi 1. janúar 1986, með fyrirvara um gildistöku aðildarsamnings Spánar og Portúgals.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

R. KRIEPS

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 96, 3. 4. 1985, bls. 25.